

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á heiti sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Með vísan til 5. gr. og 124. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011 og staðfestingu innviðaráðuneytisins frá 4. apríl 2022 sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. auglýsingu nr. 404/2022, og að fenginni umsögn örnefnanefndar, hefur innviðaráðuneytið staðfest ákvörðun hins sameinaða sveitarfélags Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar um nýtt heiti sveitarfélagsins.

Nýtt heiti sveitarfélagsins er Skagafjörður.

*Innviðaráðuneytinu, 9. september 2022.*

F. h. r.  
**Ragnhildur Hjaltadóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Aðalsteinn Þorsteinsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfudagur: 29. september 2022